



Stjórnarráð Íslands
Matvælaráðuneytið

mar@mar.is
545 9700

Norðurþing
Pósthólf 54
640 Húsavík

Borgartúni 26
105 Reykjavík

stjornarradid.is

Reykjavík 12. desember 2022
Tilv.: MAR22090162/05.04.03

Efni: Úthlutun byggðakvóta á fiskveiðíárinu 2022/2023

Samkvæmt reglugerð nr. 1018/2022, um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðíárinu 2022/2023, hefur matvælaráðherra allt að 4.900 þorskigildistönn af botnfiski til ráðstöfunar til byggðarlaga sem falla undir skilyrði a. og b. liðar í 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar. Viðkomandi sveitarstjórn er hér með tilkynnt á grundvelli 4. gr. reglugerðarinnar hversu miklar aflaheimildir koma í hlut hvers byggðarlags innan sveitarfélagsins sem rétt getur átt á úthlutuðum byggðakvóta.

Úthlutun innan sveitarfélagsins verður eftirfarandi:


| Byggðarlagn | Hlutfall úthlutunar af heildarúthlutun til allra byggðarlaga | Breyting úthlutunar milli ára (í þorskigildistönnunum) | Úthlutun fiskveiðíársins 2022/2023 (í þorskigildistönnum) | Úthlutun fiskveiðíársins 2021/2022 (í þorskigildistönnum) |
|----------------------------|--|--|---|---|
| Kópasker | 0,3% | 0 | 15 | 15 |
| Raufarhöfn | 3,3% | 30 | 164 | 134 |
| Norðurþing samtals: | 3,6% | 30 | 179 | 149 |

Þar sem endanleg úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðíárinu 2022/2023 liggur fyrir er sveitarfélögum því gefinn frestur til **13. janúar** n.k. að senda ráðuneytinu tillögur um sérreglur. Tillögur sveitarfélaga verða síðan til kynningar á vef ráðuneytisins til **23. janúar** og í framhaldinu verða sérreglur fyrir hlutaðeigandi byggðarlög teknar til efnislegrar meðferðar.


Í þeim tilvikum að ekki komi fram óskir um sérreglur innan framangreinds tímafrests mun ráðuneytið beina því til Fiskistofu að auglýsa byggðakvóta fyrir viðkomandi byggðarlög til umsóknar eins fljótt og auðið er. Einnig geta sveitarfélög sent ráðuneytinu staðfestingu á að ekki sé fyrirhugað að leggja fram tillögu að sérreglum og þá mun ráðuneytið beina því til Fiskistofu að auglýsa byggðakvóta til umsóknar í viðkomandi byggðarlögum án tafar.

Bent skal á að til hagræðingar fyrir sveitarfélög þá hefur ráðuneytið tekið saman leiðbeiningar og form til útfyllingar sem mælt er með að sveitarfélög noti vegna tillögu um sérreglur og rökstuðning vegna þeirra og fylgir með í viðhengi.

f. h. matvælaráðherra



Áslaug Eir Hólmeirs dóttir



Jón Prándur Stefánsson